

E. 181

**ÓLAFUR
ÓLAFSSON**

Ólafur Ólafsson (1806-1883), prestur. - Stúdent í heimaskóla hjá sr. Árna Helgasyni í Görðum. Fékk Hvamm í Laxárdal 1852, Reynistaðarkl. 1853, Dýrafjarðar-þing 1864, Hvamm í Laxárdal aftur 1866 og loks Fagranes 1875. Lét af prestskap 1876.

Bréf til sr. Ólafs Ólafssonar - bréfitrarar:

Jón Hallsson, prestur, Goðdölum, 1853.
Kristján Kristjánsson, sýslumaður, 1858.
Norður- og Austuramtíð, 1871.

Til sáttanefndarinnar í Skaga sáttaumdæmi.

Önnur skjöl:

Veitingarbréf sr. Ólafs Ólafssonar fyrir Hvammi og Ketu í Skagafirði, dags. 17. apríl 1852.

Vígslubréf fyrir stud. theol. Ólaf Ólafsson, dags. 5. sept. 1852.

Veitingarbréf sr. Ólafs Ólafssonar fyrir Reynistaðar- klaustri, dags. 19. apríl 1853.

Veitingarbréf sr. Ólafs Ólafssonar fyrir Hvammsprestakalli í Laxárdal, dags. 23. ágúst 1866.

Þingsvitni um Seltungu í Staðarfjöllum, hvaða jörðum hún tilheyri, ásamt fylgiskjölum, 25. apríl 1862. - Útskrift úr dómsmálabók Húnavatnssýslu.

Sr. Ólafur Ólafsson friðlýsir ábúðarjörð sína, Hvamm í Laxárdal, fyrir ágangi búfjár og hrossa, dags. 29. maí 1868.

E. 182

ÞORLEIFUR REPP

Þorleifur Repp (1794-1857), mál-fræðingur. - Stúdent í Bessastaða-skóla 1813. Við nám í ýmsum greinum í Khafnarháskóla, einkum málfræði. Var um tíma í Englandi og Þýskalandi. Vann nokkuð í þjónustu Árnasafns. Var löggiltur túlkur í ensku og þýsku og kenndi þau mál. Ritaði margt í blöð og tímarit um ýmis efni. Fékkst um tíma við blaða-mennsku. Kosinn á þjóðfundinn 1851, en komst ekki til landsins. Manna fjölfróðastur, einkum um bókmenntir.

Bréf til Þorleifs Guðmundssonar Repps - bréfritarar:

Finnur Magnússon, prófessor, Khöfn, 1826 (2), 1827, 1828, 1832 (2), 1845.
Fornfræðafélagið, 1830.

Guðbrandur Stefánsson, smiður, Rvík, 1850 (2).

Aths: Fyrri bréfið er einnig frá Sigurði Bjarnasyni Sívertsen kaupmanni í Rvík.

Gunnlaugur Oddsson, dómkirkjuprestur, Rvík, 1826, 1830.

Guttormur Pálsson, prestur, Vallanesi, 1850.

Helgi Thordersen, biskup, Rvík, 1821, 1837, 1840 (2), 1841, 1842, 1843, 1847, 1850 (2).

Jóhann Briem, prestur, Hruna, 1851.

Jón Hjaltalín, landlæknir, Rvík, 1852.

Pétur Guðjohnsen, organisti, Rvík, 1850.

Aths.: Bréfið er einnig frá Jóhanni Briem og Þorsteini Jónssyni (?).

Rafn, Carl Christian, fornfr., Khöfn, 1826 (5), 1827, 1828 (2), 1831, 1832 (2), 1834, 1836, 1837 (3).

Rask, Rasmus Christian, prófessor, Khöfn, 1827, 1828, 1829, 1831.

Sveinbjörn Egilsson, kennari, Bessastöðum, 1819, 1831.

Önnur skjöl:

Söfnunarskjal til að hjálpa Suðureyngum, dags. 17. mars 1847.

Prentað ávarp Þorleifs Repps til Árneseinga, dags. 28. sept. 1849.

Um ferðabók (Reisejournal) Birgis Thorlaciusar prófessors til Ítalíu eftir Þorleif Repp, í okt. 1839.

Handritsuppkast á dönsku.

E. 183

**STEINDÓR
FINNSSON**

Steindór Finnsson (1743-1819), sýslumaður. - Stúdent í Skál-holtsskóla 1759. Lögfræðipróf í Khafnarháskóla 1771. Sýslu-maður í Árnassýslu 1772-1813. Þjó lengst að Oddgeirshólum.

Konungleg staðfesting á erfðaskrá Steindórs Finnssonar sýslumanns og konu hans, Kristínar Halldórsdóttur, dags. 8. okt. 1790.

Skipti eftir Steindór Finnsson sýslumann, er fram fóru að Oddgeirshólum 2. júní 1820.

E. 184

**MARKÚS
MAGNÚSSON**

Markús Magnússon (1748-1825), prestur. - Stúdent í Skálholts- skóla 1770. Guðfræðipróf í Khafnarháskóla 1779. Fékk Garða á Álftanesi 1781 og hélt til ævi- loka. Prófastur í Kjalarnesprófastsdæmi 1782-1821. Officialis í Skálholtsbiskupsdæmi 1796-1797. Einn af stofnendum Lestrarfélags Suðurlands, Lands- uppfræðingarfélagsins og Biblíu- félagsins.

Bréf til Markúsar Magnússonar - bréfitarar:

Ólafur Stefánsson, stiftamtmaður, Viðey, 1798.
Ólafur Sæmundsson, Húsagarði, 1816.

Önnur skjöl:

Ólafur Stefánsson stiftamtmaður setur sr. markús Magnússon í Görðum officialis í Skálholtsstifti, dags. 18. ágúst 1796.

E. 185

GUÐMUNDUR BJÖRNSSON

Guðmundur Björnsson (1864-1937), landlæknir. Stúdent í Rvíkurskóla 1887. Próf í læknisfr. í Khafnarháskóla 1894. Kennari í Læknaskólanum 1894 og héraðs-læknir í Rvík 1896. Landlæknir 1906-31. Alþm. 1905-22. Bæjar-fulltrúi í Rvík 1899-1905. Átti sæti í fjölda nefnda. Ritaði margt um heilbrigðismál o. fl. Orti ljóð undir nafninu Gestur.

Bréf til Guðmundar Björnssonar - bréfitarar:

Ásgeir Blöndal, héraðslæknir, Eyrarbakka, 1912.

Björn Jósefsson, héraðslæknir, Húsavík, 1922.

Georg Georgsson, læknir, Fáskrúðsfirði, 1907.

Halldóra Bjarnadóttir frá Hofi í Vatnsdal, 1922.

Ólafur Gunnarsson, héraðslæknir, Hvammstanga, 1923.

Sigurður Sigurðsson, lyfsali, Vestmannaeyjum, 1922.

Fskj.: Afrit af svarbréfi frá landlækni, dags. 6. ágúst 1922.

Sigurjón Jónsson, héraðslæknir, Grenivík, 1907 (2).

Þorsteinn Guðmundsson, Rvík, 1911.

Önnur skjöl:

Nokkur bréfauppköst Guðmundar Björnssonar.

Ýmis skjöl um skipun Guðmundar Björnssonar í embætti og nefndir 1906-25.

Skjöl, er varða upptöku ættarnafnsins **Björnsson** 1915.

E. 186

**ÞÓRÐUR
THORODDSEN**

Þórður Thoroddsen (1856-1939), læknir.
- Stúdent í Rvík-urskóla 1877. Próf í
Læknaskól-anum 1881 Kennari í
Möðruvalla-skóla 1881-82. Héraðslæknir í
Keflavík 1885-1904. Féhirðir í
Íslandsbanka í Rvík 1904-09. Stundaði
síðan lækningar í Rvík til æviloka. Alm.
Gullbr. og Kjósarsýslu 1895-1902.

Álit nefndar, sem kosin var til að íhuga byggingu samkomuhúss í Reykjavík, dags.
í mars 1906.

Ýmis skjöl varðandi kaup og sölu á jörðum, lóðum og húsum í Reykjavík og
nágrenni, veðbréf o. fl.- flest tengt Þórði Thoroddsen.

Dómur í málinu: Duusverslun gegn Þórði J. Thoroddsen, dags. 31. jan. 1907. -
Útskrift úr dómabók Reykjavíkurkaupstaðar.

Bréf Þórðar Thoroddsens til sáttanefndar Rvíkur út af grein Klemensar Jónssonar í
Ísafold 27. ágúst 1910.

Skilagrein frá sýslunefndarmanni Rosmhvalanesshrepps fyrir fé því er varið var af
landssjóði til jarðræktar í téðum hreppi (ótímasett).

E. 187

**HJÖRTUR
JÓNSSON**

Hjörtur Jónsson (1841-1894), læknir. -
Stúdent í Rvíkurskóla 1862. Læknapróf
1865. Héraðs-læknir í suðurhluta
Vesturamts 1865 til æviloka. Bjó í
Stykkis- hólmi.

Prófskírteini Hjartar Jónssonar frá Læknaskólanum í Reykjavík, dags. 21. sept.
1865 og undirritað af Jóni Hjaltalín.

E. 188

**ÓLAFUR
STEPHENSEN**

Ólafur Stephensen (1864-1939), lækni. - Stúdent í Rvíkurskóla 1885. Próf frá Læknaskólanum 1890. Var á spítölum í Khöfn 1890-91. Fór til Vesturheims 1894. Tók próf í læknisfræði í Manitobaháskóla 1895. Stundaði lækningar í Winnipeg og átti þar heima til æviloka. Vilmundur Jónsson fyrrv. landlæknir afhenti Þjskjs. skjölin 28. apríl 1964, en honum hafði sent frú Margrét Stephensen, ekkja Ólafs læknis.

Stúdentsprófskírteini úr Reykjavíkurskóla, dags. 6. júlí 1885.

Prófskírteini frá Læknaskólanum í Rvík, dags. 2. júlí 1890.

Vottorð um sótt námskeið á fæðingarstofnun í Kaupmannahöfn, frá 1891.

Certificate of Registration frá The college of Physicians and Surgeons of Manitoba Dominion of Canada, 1895.

E. 189

**GUÐMUNDUR
MAGNÚSSON**

Guðmundur Magnússon (1863-1924), prófessor. - Stúdent í Rvíkurskóla 1883. Próf í læknisfr. í Khafnarháskóla 1890. Héraðs-læknir á Sauðárkróki 1892. Kennari í Læknaskólanum 1894. Prófessor í læknadeild Háskóla Íslands frá stofnun hans til æviloka. Frægur skurðlæknir. Ritaði margt um læknisfræði og heilbrigðismál.

Skýrsla um fæðingu og andlát einkabarns hjónanna Guðmundar Magnússonar prófessors og Katrínar Sigríðar Skúladóttur Sívertsens árið 1892 á sjúkrahúsi í Edinborg, dags. 23. febr. 1966. Vilmundur Jónsson fyrrv. landlæknir afhenti Þjskjs.

E. 190

JÓNAS
JÓNASSEN

Jónas Jónassen (1840-1910), landlæknir. - Stúdent í Rvíkur-skóla 1860. Próf í læknisfr. í Khafnarháskóla 1866. Varð 1868 aðstoðarmaður landlæknis í læknakennslu og gegndi jafnframt læknisstörfum í Rvík. Landlæknir 1895-1906 og forstöðumaður Læknaskólans. Alþm. 1886-91 og 1899-1903. Ritaði margt um heilbrigðismál. Skjölin eru úr dánarbúi Jónasar. - Eggert Claessen afhenti Þjskjs. 11. ágúst 1922.

(1 askja + mappa)

Bréf - bréfitrarar og viðtakendur:

Benedikt Björnsson, Þórukoti, 1903.
Til Júlíusar Halldórssonar, læknis.
Hjörleifur Einarsson, prestur, Undirfelli, 1903.
Til læknis hans (?).
Magnús Stephensen, landshöfðingi, 1896.
Til Jónasar Jónassens, landlæknis.
Stiftsyfirvöld, 1860.
Til G(uðmundar) Sigurðssonar (?), stúdents.

Önnur skjöl:

Prófskírteini, embættisveitingabréf, heiðursskjöl o.þ.h. 1860-1906.

Áskorun frá kjósendum til J. Jónassens um að halda fund og flytja sína pólitísku trúarjátningu, dags. í Rvík 20. mars 1886.

Áskorun Þingvallafundar 1888 til Jónasar Jónassens og fleiri þingmanna.

Samningur Tryggva Gunnarssonar f.h. Þjóðvinafélagsins við Jónas Jónassen um kaup á 1000-1200 eintökum af riti hans "Barnfóstrunni", dags. 30. nóv. 1888.

Samningur Jónasar Jónassens og Jóns Bergssonar í Brokey um sölu á 6 kúgildum, er fylgdu ábýlisjörð hins síðarnefnda, dags. 31. maí 1884.

Sjálfsævisöguágríp Þórðar Jónassonar dómstjóra.

Skipunarbréf handa ekkjunni Þórunni Jónassen til að vera umboðsmaður fyrir Statsanstalten for Livsforsikring, dags. 3. des. 1910.

Einkaskjalasöfn

Skjöl, er varða Sjúkrahússfélag Reykjavíkur 1910-11.

Tveir fyrirlestrar Jónasar Jónassens landlæknis, frá 1884 og 1896.

Söfnunarlistar og reikningar vegna silfurbrúðkaupsgjafar til landshöfðingjahjónanna, Elínar og Magnúsar Stephensens, 20. ágúst 1903.

Uppboðsgjörð fyrir uppboð, sem haldið var að Heynesi 10. ágúst 1876.

Útskrift úr dómabók Hæstaréttar í málinu nr. 29/1891: Eiríkur S. D. Jónassen gegn Valgarði kaupmanni Breiðfjörð.

Áskorun um söfnun fyrir minnismarki yfir Niels R. Finsen, dags. í okt. 1904.

Skrá um helstu rit Jónasar Jónassens (send Halldóri Hermannssyni). - Með fylgir bréf frá Halldóri Hermannssyni, dags. 1. júlí 1909.

Gagnkvæm erfðaskrá hjónanna Hannesar Stephensens og Þórunnar Magnúsdóttur Stephensens á Innra Hólmi, dags. 19. apríl 1827.

Jarðabók sr. Hannesar Stephensens á Ytra Hólmi 1833-59.

Vitnisburður um Fritz W. Zeuthen lækni, frá 1867.

Minningarljóð:

Um frú Guðrúnu Havstein eftir Benedikt Gröndal.

Um sr. Hannes Stephensen eftir Þórarinn Sveinsson.

Um Steingrím Jónsson biskup eftir Sveinbjörn rektor Egilsson (á latínu).

Um Jónas Jónassen landlækni eftir Sigurð Sigurðsson.

Ýmis kveðskapur, prentaður og óprentaður.

Ýmsir reikningar.

Skrautritað ávarp í ljóðum á silfurbrúðkaupsdegi landlækni- ishjónanna 30. nóv. 1896 (Ben. Gröndal). - Í sérstakri möppu.

E. 191

**ERLENDUR
JÓNSSON**

Erlendur Jónsson (1728-1807), prestur. - Stúdent í Hólaskóla 1749. Næstu 3 ár í þjónustu Þórarins sýslum. Jónssonar á Grund. Prestur að Hrafnagili 1754-1803. Prófastur í Vaðla-þingi 1768-1802. Sum bréfin eru skert eða brot ein.

Bréf til sr. Erlends Jónssonar - bréfitarar.

Benedikt Pálsson, prestur, Stað á Reykjanesi, 1773, 1807.
Bergur Magnússon, prestur, Nesi í Aðaldal, 1754.
Brynjólfur Bjarnason, Fagradal, 1790 (afrit).
Erlendur Hjálmarsson, klausturhaldari, 1769.
Gunnar Pálsson, skólameistari, 1752.
Hallgrímur Jónsson, snikkari, Upsum, 1780.
Jón Eiríksson, konferensráð, Khöfn, 1785.
Jón Jakobsson, sýslum., Espihóli, 1786.
Óþekktur bréfitari, ótímasett brot.
Sigurður Oddsson, Ljósavatni, ca. 1790.

E. 192

**JÓN
KONRÁÐSSON**

Jón Konráðsson (1772-1850), prestur. - Stúdent í Hólaskóla 1794. Aðstoðarprestur í Glaumbæ 1797. Prestur að Mælifelli 1810 til æviloka. Prófastur 1814-35. Sinnti mjög sögulegum fróðleik, einkum tímatali og ævum presta, skálda og fræðimanna.

Bréf til sr. Jóns Konráðssonar - bréfitari:

Hjörtur Jónsson, prestur, Gilsbakka, 1 ótímasett bréf.

Önnur skjöl:

Tvö umburðarbréf sr. Jóns Konráðssonar, dags. 13. jan. og 25. mars 1835.

Vitnisburður sr. Jóns Konráðssonar um innihald bónaþrefts Jóhanns Jóhannessonar á Vindheimum um uppgjöf sekta fyrir hórdómsbrot konu hans, dags. 3. maí 1848.

Tvö brot frá sr. Jóni Konráðssyni: Úr prestaævum og Um Vallholt.

Steinunn Þorsteinsdóttir arfleiðir mann sinn, Jón prófast Konráðsson, að eigum sínum, ef hann lifir hana, dags. að Mælifelli 29. sept. 1832 (eftirrit).

E. 193

**ÞORSTEINN
KETILSSON**

Þorsteinn Ketilsson (1688-1754), prestur.
- Stúdent í Hólaskóla 1709. Var um tíma í þjónustu Páls lögmanns Vídalíns. Kirkju-
prestur í Skálholti 1714. Fékk Hrafnagil
1716 og hélt til æviloka. Prófastur
1723-51. Skáldmæltur, þýddi guðsorðarit,
og eftir hann er Hrafnagilsannáll.

Bréf til sr. Þorsteins Ketilssonar - bréfritarar:

Hallgrímur Eldjárnsson, prestur, Hrafnagili, 1749.
Stefán Einarsson, prestur, Laufási, 1747.

Önnur skjöl:

Rifrildi með undirskrift sr. Þorsteins Ketilssonar, dags. 2. júlí 1744.

E. 194

**MAGNÚS
ERLENDSSON**

Magnús Erlendsson (1758-1836),
prestur. - Stúdent í Hólaskóla 1778. Fékk
Hrafnagil eftir föður sinn, sr. Erlend
Jónsson, 1803 og hélt til æviloka. Prófastur
í Vaðlaþingi 1802 einnig til æviloka.

Bréf til sr. Magnúsar Erlendssonar - bréfritari:

Markús Magnússon, prestur, Görðum, 1809.

E. 195

MAGNÚS
EINARSSON

Magnús Einarsson (1734-1794), prestur.
- Stúdent í Hólaskóla 1759. Djákn að Möðruvalla-klaustri 1761. Fékk Stærra Árskóg 1763, Upsir 1765. Prestur að Tjörn í Svarfaðardal 1769 til æviloka. Orti margt, og eru prentaðir eftir hann sálmar. Skjölin eru úr dánarbúi Páls Bergssonar frá Hrísey.
- Svavar Pálsson endurskoðandi afhenti Þjskjs. í jan. 1965.

Bréf til sr. Magnúsar Einarssonar á Tjörn, vantar undirskrift og dagsetningu.

Aths.: Úr bandi ministerialbókar Tjarnarkirkju 1785-1816. - Mjög skemmt.

Veitingarbréf sr. Magnúsar Einarssonar fyrir Upsaprestakalli, dags. 26. okt. 1765.

Úttekt Erlends prófests Jónssonar á kirkjustaðnum Tjörn í Svarfaðardal 8. júní 1769.

Uppkast að bréfi sr. Gísla Magnússonar á Tjörn til Hólabiskups 29. nóv. 1794 um fráfall sr. Magnúsar Einarssonar og ráðstöfun prestakallsins. - Aftan á bréfinu er uppkast að líkræðu um sr. Magnús.

Forordning um kirkjuinnleiðslu of snemmbærra kvenna, dags. 3. júní 1763.

Skrá um presta á Völlum, Tjörn og Upsum í Svarfaðardal. Virðist algerlega skrifuð eftir Prestatali og prófesta Sveins Níelssonar, nema bætt er aftan við prestatalið á Völlum og Tjörn. - Skrifað á 20. öld.

E. 196

VIGFÚS ORMSSON

Vigfús Ormsson (1751-1841), prestur. - Stúdent í Skálholts- skóla 1775. Fékk Ás í Fellum 1777, Valþjófsstað 1789. Lét af prestskap 1835. Sum bréfanna eru mjög skert. Komin úr bandi kirkjubókar Hofs í Vopnafirði 1784-1816.

Bréf til sr. Vigfúsar Ormssonar - bréfitarar:

Álfheiður Jensdóttir, 1784.
B. Eiríksson, Setbergi, Fellum, 1784.
Guðmundur Gíslason "kali", 1781.
Hjörleifur Jónsson, Ketilsstöðum, 1784.
Óþekktur bréfitari, 1795.

E. 197

MAGNÚS
MAGNÚSSON

Magnús Magnússon (1756-1840),
prestur. - Stúdent í Skálholts-skóla 1780.
Fékk Hvamm í Laxárdal 1786, Glaumbæ
1813 og hélt til æviloka.

Bréf til sr. Magnúsar Magnússonar - bréfitari:

Jón Klemensson, Höfnum, Skaga, 1835.

Önnur skjöl:

Bréf um fjórðungsgjöf Ragnheiðar Magnúsdóttur til Magnúsar Magnússonar,
gert að Þingvöllum 29. nóv. 1768.

Uppskrift á fjármunum, sem sr. Magnús Magnússon afhenti Margrétu
Jónsdóttur 15. maí 1793.

Afrit bréfa um arfstilkall þeirra sr. Magnúsar Magnússonar í Glaumbæ og
Benedikts Vídalíns á Víðimýri eftir Ragnheiði Einarsdóttur á Reynistað,
1818-34.

Lóðseðill Sigríðar Halldórsdóttur í Glaumbæ (konu sr. Magnúsar
Magnússonar), ótímasettur.

Bann sr. Magnúsar Magnússonar við hrossabeit í landi Glaumbæjar, dags. 26.
maí 1823.

Forboð sr. Magnúsar Magnússonar í Glaumbæ við sambúð þeirra Sigurðar
Sigurðssonar og Sigríðar Þorsteinsdóttur á Kjartansstöðum, dags. 27. maí
1816.

E. 198

ÞORSTEINN ÞÓRÐARSON

Þorsteinn Þórðarson (1715-54), prestur. - Stúdent í Skálholts- skóla 1735. Fékk Hvamm í Hvammssveit 1739 og hélt til æviloka. Prófastur í Dalasýslu 1752-53. Seinna bréfið frá sr. Magnúsi er tekið úr bandi ministerialbókar Hvamms kirkju 1749-84, sömuleiðis bréfið frá Pétri. Öll eru bréfin mjög skemmd af fúa.

Bréf til sr. Þorsteins Þórðarsonar - bréfitarar:

Magnús Árnason, prestur, Sauðafelli, 1749 (2).
Pétur Einarsson (?), 1748.

E. 199

ÓLAFUR PÁLSSON

Ólafur Pálsson (1763-1839), prestur. - Stúdent í Skálholts-skóla 1785. Fékk Ása 1787, Eyvindahóla 1797 og hélt til æviloka. Öll eru bréfin mjög skemmd.

Bréf til sr. Ólafs Pálssonar - bréfitarar:

Páll Pálsson, prestur, Hörgsdal, 1820 (2).
Steingrímur Jónsson, biskup, 1810.

E. 200

HALLDÓR FINNSSON

Halldór Finnsson (1736-1814), prestur. Stúdent í Skálholtsskóla 1755. Próf í guðfr. í Khafnar-háskóla 1761. Kirkjuprestur í Skálholti 1763. Prófastur í Árnesþingi 1767. Fékk Hítardal 1775, hætti prestskap 1799. Prófastur í Mýrasýslu 1775-90.

Konunglegt leyfisbréf fyrir sr. Halldór Finnsson og Guðfinnu Torfadóttur, dags. 15. apríl 1765.

Kaupmálabréf sr. Halldórs Finnssonar og Guðfinnu Torfadóttur, dags. 18. sept. 1765.

E. 201

ÞORLEIFUR SVEINSSON

Þorleifur Sveinsson (1790-1850). Bóndi á Ystamói í Fljótum 1815-1850. Hér eru einnig skjöl frá syni hans, **Árna Þorleifssyni** (1824-1889), sem bjó á Ystamói 1851-89 og lengi var hreppstjóri og sýslunefndarmaður. Jón Jóns-son á Hafsteinsstöðum, tengda-sonur Árna Þorleifssonar, gaf Þjskjs. skjölin 7. júní 1929.

Skjöl, er varða málaferli Þorleifs Sveinssonar við Einar Guðmundsson á Hraunum út af dýratollum af svokölluðum Hraunaalmenningum 1831-32.

Kaupsamningar 1807-88, m.a. um eftirtaldar jarðir:
Ystamó í Fljótum, Grund í Ólafsfirði, Hól í Ólafsfirði, Illugastaði í Hólshreppi í Skagafirði, Reykjahól, Sjöundastaði í Skagafirði og Móskóga í Skagafirði.

Ýmis skjöl, er flest varða fjármál þeirra feðga, Þorleifs Sveinssonar og Árna sonar hans.

E. 202

GUÐJÓN ÞORSTEINSSON

Guðjón Þorsteinsson (1870-).
Verslunarstjóri Gramsverslunar í Ólafsvík
og á Hellissandi. Fluttist til Vesturheims,
líklega 1906.

Bréf til Guðjóns Þorsteinssonar - bréfritarar:

Gram, Chr. L., kaupm., Dýrafirði, 1899.
Gramsverslun, Khöfn, 1899.
Guðmundur Jónsson, Brennu, 1899.
Hallgrímur Níelsson, Grímsstöðum, 1899.
Kjartan Þorláksson, Búðum, 1899.
Kristján Matthíasson, Keflavík, Snæf., 1899.
Magnús Jóhannsson, Hellissandi, 1899.
Samúel Richter, Stykkishólmi, 1899 (2).
Sigurbjörn Bergþórsson, Svarfhóli, 1899.
Wendel, F.R., Dýrafirði, 1899 (2).

Önnur skjöl:

Nokkrir skuldalistar við Gramsverslun í Ólafsvík, dags. 20. sept. 1899.

Skuldaviðurkenning Jóns kaupmanns Árnasonar í Ólafsvík við Önnu Pálsdóttur, dags. 21. sept. 1895.

Ísvinnulistar frá Ólafsvík frá árinu 1903.

Farmskjöl vegna vöruflutninga fyrir Gramsverslun í Ólafsvík, frá 1906.

Nótubækur frá Gramsverslun í Ólafsvík 1906-1907.

Skuldaviðurkenningar, reikningar o.fl. frá Gramsverslun í Ólafsvík
1896-1899.

Útskrift úr dómsmálabók Snæfellsness- og Hnappadals- sýslu í tveim
barnsfaðernismálum frá árinu 1902.

E. 203

**ÓLAFUR
JÓHANNESSON**

Ólafur Jóhannesson (1869-). Oddviti í Stykkishólmi.

Skipunarbréf handa Ólafi Jóhannessyni til þess að vera aðalmaður yfirskattanefndar í Snæfellsness- og Hnappadals- sýslu, dags. 29. apríl 1922.

E. 204

**JACOBSEN,
BØRGE E. B.**

Jacobsen, Børge E.B. (1802-1863), lyfsali. - Nam lyfjafræði í Skjelskjör í Danmörku 1818-1825. Próf í lyfjafræði í Khafnarháskóla 1826. Lyfsali í Stykkishólmi frá ca. 1835 til dauðadags. Sjá Lyfjafræðingatal. Magnús Ólafsson ljósmyndari afhenti Þjskjs. skjölin 5. mars 1907.

Vottorð útgefið af "stiftsphysikus" Holtemann þess efnis, að B.E.B. Jacobsen geti orðið aðstoðarlyfsali, dags. 23. okt. 1822.

Vitnisburður um nám Jacobsens hjá Mau lyfsala í Skjelskjör 1818-1825, dags. 1. nóv. 1825.

Prófskírteini Jacobsens í lyfjafræði frá Kaupmannahafnar- háskóla, dags. 26. jan. 1826.

Skrif Jóns Thorstensens landlæknis til Jacobsens lyfsala 28. mars 1848.

Afsalsbréf: Helgi Jónsson borgari í Grundarfirði afsalar Jacobsen lyfsala í Stykkishólmi timburhús sitt í Stykkishólmi, dags. 25. febr. 1849.

Útmæling lóðar í Stykkishólmi handa E. Jensen snikkara 1846. - Útskrift úr dómsmálabók Snæfellsnessýslu.

Kvittanir.

E. 205

**HJÖRTUR
JÓNSSON**

Hjörtur Jónsson (1835-), í Skálmholti á Skeiðum. Skjölin voru áður ónúmerað í svokallaðri Syrpu.

Bréf til Hjartar Jónssonar - bréfitari:

Guðbrandur Jónsson, Drangshlíð, 1862.

Önnur skjöl:

Tveir reikningar frá verslunum í Reykjavík til Hjartar Jónssonar í Skálmholti, frá árunum 1861 og 1862.

E. 206

**SOLVEIG
PÁLSDÓTTIR**

Solveig Pálsdóttir (1821-1886).
Ljós móðir í Vestmannaeyjum og síðar í Reykjavík.

Prófskírteini Solveigar Pálsdóttur frá fæðingastofnuninni í Khöfn, dags. 29. sept. 1842.

Skipunarbréf Solveigar Pálsdóttur í embætti ljósmóður í Vestmannaeyjum, dags. 9. júní 1843.

Skipunarbréf Solveigar Pálsdóttur í embætti ljósmóður í Reykjavík, dags. 29. nóv. 1867.

Upboðsafsalsbréf fyrir bænum Efstaholti við Reykjavík til A. P. Wulffs faktors og Jóns Jónssonar snikkara, dags. 4. mars 1862.

Kaupsamningur um bæinn Efstaholt við Reykjavík milli Jóns snikkara Jónssonar og Solveigar Pálsdóttur, dags. 6. maí 1868.

E. 207

ÞÓRUNN Á. BJÖRNSDÓTTIR

Þórunn Á. Björnsdóttir (1859-1935),
ljósmóðir. - Ljósmæðra-próf í Rvík 1882.
Framhaldsnám í Khöfn 1890-91.
Ljósmóðir í Borgarfirði, Þingvallasveit og
í Rvík frá 1897. Annaðist
ljós-mæðrakennslu í Rvík 1912-30.

Bréf til Þórunnar Á. Björnsdóttur - bréfitarar:

Árni Björnsson, Rvík, 1876.
Bæjarfógetinn í Reykjavík, 1890, 1891.
Sýslumaður Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, 1883, 1885, 1886.

Önnur skjöl:

Skipunarbréf Þórunnar í ljósmóðurembætti 1883 - 1902.
Prófskírteini Þórunnar frá fæðingastofnuninni í Khöfn, dags. 30. maí 1891.
Bréf Þórunnar til bæjarstjórnarinnar í Rvík, dags. 5. mars 1890.
Ýmis vottorð.
Minningabók Þórunnar Á. Björnsdóttur.
Dagbók Guðlaugar Guðmundsdóttur, Bókhöfundustíg 11, Rvík, 1928-29.
Þakkarávarp o.fl. til Þórunnar á 70 ára afmæli hennar 29. des. 1929.

E. 208

ÞURÍÐUR BÁRDARDÓTTIR

Þuríður Bárðardóttir (1877-1955)
ljósmóðir. - Tók ljósmæðrapróf í Khöfn 1905. Ljósmóðir í Rvík 1905-43. Kennari við Ljósmæðra-skólann í Rvík 1905-31. Form. Ljósmæðrafélags Ísl. frá stofnun 1919-43. Ritstj. Ljósmæðrablaðs-ins frá upphafi 1922-43. Skjölin voru afhent Þjskjs. 1955.

Prófskírteini Þuríðar frá ljósmæðraskólanum í Khöfn, dags. 21. ágúst 1905.

Instruks for samtlige til Praksis berettigede Jordemödre.

Bekendtgørelse angaaende et Tillæg til den af Justitsministeriet under 25de November 1896 udfærdigede Instruks for samtlige til Praksis berettigede Jordemödre m.m., dags. 31. júlí 1902.

Vejledning for Jordemödre til Forebyggelse af forskellige smitsomme Sygdommes Udbredelse, dags. 1. ágúst 1900.

Anvisning til Blodudtømmelse ved Aareladning og Kopsætning, Khöfn 1899.

E. 209

**FINNUR
JÓNSSON**

Finnur Jónsson (1704-1789), biskup. - Stúdent í Skálholtsskóla 1723. Tók guðfræðipróf í Khafnar-háskóla 1728. Fékk Reykholt 1732 og varð sama ár prófastur í Borgarfjarðarsýslu. Officialis í Skálholtsbiskupsdæmi 1743-47 og biskup þar 1754-85. Doktor í guðfræði 1774, fyrstur Íslendinga. Fékkst mjög við ritstörf, og er þar mest kirkju-saga hans, er út kom í 4 bindum í Khöfn 1772-78.

Bréf til Finns biskups Jónssonar - bréfitari:

Jón Þorláksson, prestur, Hólmum, 1745.

Aths.: Vantar niðurlag bréfsins.

Önnur skjöl:

Embættiseiður Finns biskups Jónssonar 3. apríl 1754.

Skrá frá 1752 um gömul skjöl, er Finnur Jónsson biður um til láns frá skjalasafni Skálholtsbiskupa við samningu kirkjusögu sinnar.

Aths.: Úr Lbs. 119, 4to.

Samningur milli Finns biskups Jónssonar og Skúla landfógeta Magnússonar (fyrir hönd Innréttinganna) um landskuldir, m.a. af Heynesumboði, dags. við Öxará 24. ágúst 1764.

Finnur biskup Jónsson (f.h. dómkirkjunnar í Skálholti) segir upp 500 dala láni, sem jörðin Álftártunga var veðsett fyrir, dags. 12. júlí 1780.

Anatomia Finns biskups Jónssonar um synodusúrskurð á Þingvelli 12. júlí 1764 um borgun fyrir aukaverk presta. Aftan við er: Um ljóstolla, líklega eftir sama höfund (vantar aftan af). - Samtíða afskrift. Kom frá Völlum í Svarfaðardal sumarið 1901.

E. 210

HANNES FINNSSON

Hannes Finnsson (1739-1796), biskup. - Stúdent í Skálholtsskóla 1755. Tók guðfræðipróf í Khafnar-háskóla 1763. Var á Íslandi 1767-70 til aðstoðar föður sínum, Finni biskupi Jónssyni. Var í Khöfn 1770-77 og sinnti þar margvíslegum fornfræðarann-sóknum og ritstörfum. Settur föður sínum til aðstoðar í biskupsstörfum 1777. Tók að fullu við biskupssembætti 1785 og hélt til æviloka. Varð doktor í guðfræði 1790. Ritaði og þýddi fjölmargt um hin margvíslegustu efni.

(1 askja + 1 mappa)

Bréf til Hannesar Finnssonar - bréfitari:

Jón Stefánsson, prestur, Vallanesi, 1787.

Önnur skjöl:

Skólavitnisburður Bjarna Jónssonar rektors um Hannes Finnsson að námi loknu í Skálholtsskóla árið 1755.

Vitnisburður um guðfræðipróf Hannesar Finnssonar, gefið út af háskólaráði Khafnarháskóla 22. júní 1763.

Halldór Finnsson dómkirkjuprestur í Skálholti staðfestir, að Hannes Finnsson hafi lifað kristilegu lífi og meðtekið sakramentið, dags. 10. sept. 1770.

Kallsbréf Hannesar Finnssonar til að vera dómkirkjuprestur í Skálholti og stiftprófastur í Skálholtsbiskupsdæmi, dags. 13. okt. 1775.

Vitnisburður Ludvigs Harboes biskups um kunnáttu og hæfni Hannesar Finnssonar til að gegna biskupsstörfum í Skálholtsbiskupsdæmi, dags. 22. mars 1776.

Hannes Finnsson skipaður aðstoðarmaður föður síns og væntanlegur eftirmaður á biskupsstóli í Skálholti, dags. 12. mars 1777.

Vígslubréf Hannesar Finnssonar, dags. 3. apríl 1780.

Hið ísl. lærdómslistafélag gerir Hannes Finnsson að "yfirorðulim", dags. 30. maí 1783.

Hannes Finnsson gerður að félagi í Societas antiquariorum Londini, dags. 9. jan. 1789.

Einkaskjalasöfn

- Vegabréf Hannesar Finnssonar til Borgundarhólms, dags. 20. júní 1771.
- Konungsbréf um launagreiðslur til Hannesar Finnssonar sem ritara Árnaneftar, dags. 24. febr. 1774, 13. okt. 1775 og 15. maí 1777.
- Uppskrift og virðing á gjafarfé sr. Þorvarðs Auðunarsonar í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd til Hannesar Finnssonar, dags. 19. júní 1775.
- Finnur biskup Jónsson fær Hannesi syni sínum í hendur umsjón með fjárhag biskupsstólsins, visitatúr kirkna, sum umboðin o.fl., dags. 25. júní 1779.
- Hjúskaparleyfi Hannesar Finnssonar og Þórunnar Ólafsdóttur, dags. 7. apríl 1780.
- Hjúskaparleyfi Hannesar Finnssonar og Valgerðar Jónsdóttur, dags. 24. apríl 1789.
- Finnur biskup Jónsson viðurkennir, að hann hafi ekki getað greitt börnum sínum móðurarf þeirra, en gerir grein fyrir jarðeignum þeirra, afrakstri af þeim og öðrum fjármunum, sem hann varðveiti fyrir þau, dags. 12. ágúst 1776.
- Erfðaskrá Finns biskups Jónssonar, þar sem hann skiptir löndum og lausum aurum milli barna sinna, dags. 1. jan. 1784.
- Uppskrift, virðing og skipti á dánarbúi Finns biskups Jónssonar, dags. 21. júní 1790.
- Uppskrift, virðing og skipti á dánarbúi Hannesar biskups Finnssonar ásamt bréfum og skjölum, sem skiptin varða, dags. 21. ágúst 1801.
- Skipti eftir Sigríði Þorsteinsdóttur á Móeiðarhvoli, tengdamóður Hannesar Finnssonar, dags. 18. sept. 1824.
- Uppskrift, virðing og skipti á dánarbúi Steingríms biskups Jónssonar, dags. 28. sept. 1846.
- Uppskrift, virðing og skipti á dánarbúi Valgerðar Jónsdóttur biskupsekkju, dags. 21. sept. 1857.
- Kaupmáli Hannesar Finnssonar og Þórunnar Ólafsdóttur, gerður 28. júní 1780 að Sviðholti. - Geymdur í sérstakri möppu.

E. 211

JÓN VÍDALÍN

Jón Vídalín (1666-1720), biskup. Stúdent í Skálholtsskóla 1682. Tók guðfræðipróf í Khafnarhá-skóla 1689. Fékk Garða á Álftanesi 1695. Biskup í Skálholti 1697 til æviloka. Manna lærðastur og latínuskáld gott. Samdi fjölda guðsorðarita, og er frægust Húspostilla hans.

Bréf til Jóns Vídalíns biskups - bréfitarar:

Brynjólfur Thorlacius, sýslum., Hlíðarenda, 1719.

Magnús Magnússon, prestur, Hvammi í Hvammssveit, 1718.

E. 212

**SIGURÐUR
STEFÁNSSON**

Sigurður Stefánsson (1744-1798) biskup. Stúdent í Hólaskóla 1765. Tók guðfræðipróf í Khafnarhá-skóla 1767. Konrektor að Hólum 1768. Fékk Möðruvallaklausturs-prestakall 1773, Helgafell 1781. Biskup á Hólum 1789 til æviloka. Síðastur biskupa þar.

Bréf til Sigurðar biskups Stefánssonar - bréfitari:

Magnús Stephensen, dómstjóri, Viðey, 1795.

Aths.: Bréfið er mjög skemmt.

Önnur skjöl:

Vegabréf Sigurðar biskups Stefánssonar til Kaupmanna- hafnar, undirritað af Ólafi amtmanni Stefánssyni 28. júlí 1788.

E. 213

ÁRNI
ÞÓRARINSSON

Árni Þórarinsson (1741-1787), biskup. -
Stúdent í Skálholtsskóla 1760.
Guðfræðiþróf í Khafnarhá- skóla 1766.
Fékk Seltjarnarnes- þing 1769, Odda 1781.
Biskup á Hólum 1784 til æviloka.

Bréf til Árna biskups Þórarinssonar- bréfitarar:

J. Thorolvsen (?), Íslendingur í Danmörku, 1785.
Páll Hjálmarsson, rektor, 1785.

E. 214

JÓN
TEITSSON

Jón Teitsson (1716-1781), biskup. -
Stúdent í Skálholtsskóla 1735. Fékk
Otradal 1740, Gaul-verjabæ 1755. Varð
prófastur í Árnessýslu 1775. Biskup á
Hólum frá 1780 til æviloka.

Kaupmáli Jóns Teitssonar og Halldóru Sigurðardóttur, gerður að Holti við
Önundarfjörð 9. des. 1736.

Veitingarbréf sr. Jóns Teitssonar fyrir Gaulverjabæ og Stokkseyri, gefið út af
Magnúsi Gíslasyni amtmanni 8. des. 1755.

Heillaóskakvæði á latínu ásamt þýðingu á dönsku, ort til Jóns Teitssonar, þá er
hann vígðist til biskups. Höfundar ekki getið (sr. Gunnar Pálsson eða Skúli
Thorlacius ?). - Mun vera það sama og er í Í.B. 189, 4to. Kom í blaðarusli frá
Hrafnagili 1934.

E. 215

**GÍSLI
MAGNÚSSON**

Gísli Magnússon (1712-1779), biskup. - Stúdent í heimaskóla 1731. Tók guðfræðipróf í Khafnar- háskóla 1734. Rektor í Skálholti 1737-46. Fékk Staðastað 1746, prófastur í Snæfellsnessýslu s.á. Biskup á Hólum 1755 til dauða-dags.

Bréf Gísla Magnússonar til óþekkts viðtakanda, dags. 29. maí 1762. - Tekið úr bandi á ministerialbók Tjarnarkirkju í Svarfaðardal 1787-1816.

Prófastsbréf sr. Gísla Magnússonar, útgefið af Finni biskupi Jónssyni 3. júní 1747.

Gísli biskup Magnússon biður Sören Pens kaupmann á Hofsósi að hjálpa syni sínum, Oddi Gíslasyni, síðar á Miklabæ, sem þá var við nám í Khöfn, um 40 rd. gegn greiðslu í vörum næsta sumar, dags. 20. sept. 1763. - Á sama blaði er skýrsla um fædda og dauða í Stærri-Árskógssókn 1832 ásamt uppkasti að bréfi um sóttarfar í sömu sókn, dags. 12. jan. 1833, líklega með hendi sr. Hákonar J. Espólíns.

E. 216

**GEIR
VÍDALÍN**

Geir Vídalín (1761-1823), biskup. - Stúdent í heimaskóla í Khöfn 1780. Tók guðfræðipróf í Khafnar-háskóla 1789. Varð dómkirkju- prestur í Rvík 1791. Biskup í Skálholtsbiskupsdæmi 1797 og á landinu öllu 1801. Samdi og þýddi margt rita.

Bréf til Geirs biskups Vídalíns - bréfitari:

Páll Hjálmarsson, rektor, 1805 (aðeins brot).

E. 217

**ÓLAFUR
STEFÁNSSON**

Ólafur Stefánsson (1731-1812), stiftamtmaður. - Stúdent í Hólaskóla 1751. Tók lögfræðipróf í Khafnarháskóla 1754. Varalög- maður 1756, amtmaður 1766 og jafnframt stiftamtmaður 1790. Fékk lausn frá embætti 1806. Bjó síðast í Viðey. Ritaði margt, þ.á.m. ýmsar ritgerðir í rit Lærdóms-listafélagsins. Fyrsta bréfið kom í Þjskjs. frá Árna Finsen verkfræð-ingi í mars 1932.

Bréf til Ólafs Stefánssonar - bréfitarar:

Hannes Finnsson, biskup, 1782.
Landsetar konungs í V-Skaftafellssýslu, 1777 (2).
Óþekktur bréfitari, 1786 (afrit).

E. 218

**MAGNÚS
GÍSLASON**

Magnús Gíslason (1704-1766), amtmaður. - Stúdent í Skálholts- skóla 1721. Í háskólanámi í Khöfn 1724-28. Alþingisskrifari 1728. Lögmaður sunnan og austan 1732. Amtmaður 1752, fyrstur Íslend- inga. Bjó lengst að Leirá.

Bréf til Magnúsar amtmanns Gíslasonar - bréfitarar:

Gunnar Pálsson, prestur, Hjarðarholti, 1760.
Stampe, Hendrik, generalprokurör (?), 1757 (?).
Aths.: Bréfið er aðallega um meðferð sakamanna og stofnun tukthúss á Íslandi, en bréfitari minnst einnig á garðrækt hér á landi, kveðst hafa talað við Linné, en hann telji kartöflurækt ekki framkvæmanlega á Íslandi.

E. 219

**HÁLFDAN
EINARSSON**

Hálfðan Einarsson (1732-1785), skólameistari. - Stúdent í Skál-holtsskóla 1749. Tók guðfræði-próf í Khafnarháskóla 1755. Rektor á Hólum 1755 til æviloka. Fékkst mjög við ritstörf. Sá um útgáfu flestra rita Hólaprent-prentsmiðju meðan hann var þar. Var sjálfur skáldmæltur.

Bréf til Hálfðanar Einarssonar - bréfitarar:

Jón Eiríksson, konferensráð, Khöfn, 1779.
Jón Johnsoníus, sýslum., 1780.
Jón Þorkelsson, Hömrum, Mýrasýslu, 1782.
Óþekktur bréfitari, vantar ártal.

Aths.: Bréfið mun skrifað eftir að Sciagraphia Hálfðanar kom út.

E. 220

**HALLDÓR
HJÁLMARSSON**

Halldór Hjálmarsson (1745-1805), konrektor. - Stúdent í Hóla-skóla 1764. Nokkur ár skrifari og kennari hjá Ólafi Stefánssyni stiftamtmani. Kon-rektor á Hólum 1773, þar til skólinn var lagður niður. Samdi og þýddi ýmis rit.

Bréf til Halldórs Hjálmarssonar - bréfitarar:

Erlendur Jónsson, prestur, Hrafnagili, 1772.
Páll Hjálmarsson, rektor, 1774.

Önnur skjöl:

Samningur milli þeirra Halldórs Hjálmarssonar konrektors og tengdasonar hans, sr. Gísla Jónssonar, dags. 29. sept. 1796.

Kvittun frá Jónasi Scheving sýslumanni á Víðivöllum til Halldórs Hjálmarssonar konrektors, dags. 11. jan. 1800.

E. 221

BRYNJÓLFUR PÉTURSSON

Brynjólfur Pétursson (1747-1828), læknir. - Stúdent í Skál- holtsskóla 1765. Tók próf í læknisfræði hjá Bjarna Pálssyni landlækni 1770. Fjórðungslæknir á Austurlandi 1772-1807. Bjó lengst á Brekku í Fljótsdal. Ó. Runólfsson (?) afhenti Þjskjs. skjölin með bréfi dags. 21. maí 1920.

Bréf til Brynjólfs Péturssonar - bréfitarar:

Hallný Pétursdóttir, Steinum, 1796.
Ragnhildur Erlendsdóttir, Rauðafelli, 1778.

Önnur skjöl:

Kaupmáli Brynjólfs Péturssonar og Guðrúnar Ólafsdóttur, dags. að Nesi við Seltjörn 5. ágúst 1771.

Konunglegt leyfisbréf til handa Brynjólfi Péturssyni og Guðrúnu Ólafsdóttur til að ganga í hjónaband án undanfarandi trúlofunar og lýsinga, dags. 16. maí 1772.

Prestsseðill Brynjólfs Péturssonar og fólks hans, er hann fluttist að Þorvaldsstöðum í Skriðdal, útgefinn af sr. Árna Þorsteinssyni í Kirkjubæ 16. okt. 1816.

E. 222

**STEFÁN
ÞÓRARINSSON**

Stefán Þórarinsson (1754-1823),
amtmaður. - Stúdent hjá Hannesi Finnssyni
í Khöfn 1771. Tók lögfræðipróf í
Khafnarháskóla 1776. Varð varalögmaður
1779, lögmaður 1782. Amtmaður í
Norður- og Austuramti 1783 til æviloka.
Bjó á Möðruvöllum í Hörgárdal. Einn
helsti umbóta-maður landsins um sína
daga. Skjölin komu frá Völlum í
Svarfaðardal sumarið 1901.

Bréf til Stefáns amtmanns Þórarinssonar - bréfitari:

Jón Espólín, sýslumaður, 1807.

Önnur skjöl:

Um notkun villijurta til matargerðar eftir Stefán amtmann Þórarinsson
1807-1808.

E. 223

**DAÐI
GUÐMUNDSSON**

Daði Guðmundsson (--1563),
sýslumaður. - Var sveinn Ögmundar
biskups Pálssonar. Sýslumaður í
Þverárþingi vestan Hvítár 1535, í
Dalasýslu um líkt leyti og seinna í
Snæfellsnessýslu. Fékk Helga-
fellsklaustur 1543. Einn helsti
mótstöðumaður Jóns biskups Arasonar.
Bjó í Snóksdal.

Testamentisbréf Daða Guðmundssonar í Snóksdal frá 1563 (frumrit). - Með fylgir
afrít, líklega frá 19. öld. Var áður í J. Sig. 372, 4to.

E. 224

**JÓN
SIGURÐSSON**

Jón Sigurðsson (1565-1635), lögmaður. - Sýslumaður lengst af í Hegranesþingi og hélt jafnframt Reynistaðarklaustur. Kosinn lög-maður á Alþingi 1609, en dæmdur frá lögmannsdæmi 1618 og settur frá sýslu 1619. Fékk uppreisn frá konungi 1622 og fékk þá Húnavatnsþing.

Þrír vitnisburðir um Jón lögmann Sigurðsson:

Vitnisburður sr. Árna Einarssonar í Keldunesi frá 1609.

Vitnisburður Jóns Þór(ar?)inssonar, gefinn að Hafrafellstungu 29. apríl 1609.

Vitnisburður Jóns Guðmundssonar frá 11. júní 1611.
Þetta eru allt frumrit.

E. 225

**GUNNAR
BJÖRNSSON**

Gunnar Björnsson (-- 1672), prestur. - Stúdent í Hólaskóla 1623. Settist í Khafnarháskóla 1626 og var þar í 3 ár með góðum vitnisburði. Fékk Bólstað-arhlíð 1631, Hof á Höfðaströnd 1632, Höskuldsstaði 1640. Fór aftur að Hofi 1666 og var þar til dauðadags. Frumbréfin í þessu safni lágu laus á dreif innan í Presbyterologia Hálfðanar Einars-sonar.

Vitnisburður Vigfúsar Árnasonar (síðar prests á Hofi í Vopnafirði) og Hallgríms Jónssonar (síðar prests í Glaumbæ), gefinn Gunnari Björnssyni í Khöfn 24. júní 1628 (frumrit).

Vitnisburðarbréf Gunnars Björnssonar (á latínu), útgefið af Ole Worm í Khöfn 16. maí 1629 (frumrit á pappír með ásettu innsigli).

Vottorð rektors Khafnarháskóla um Gunnar Björnsson, dags. 17. maí 1629 (afrit dr. Jóns Þorkelssonar eftir A.M. 703, 4to).

Vitnisburður Sigfúsar Egilssonar (síðar rektors á Hólum) um hegðun Gunnars Björnssonar, meðan þeir "til samans voru í Kaupinhafn", dags. 4. sept. 1630 (frumrit).

Höskuldsstaða sóknarmenn kjósa sr. Gunnar Björnsson til sóknarprestis síns, dags. 3.-5. nóv. 1630 (frumrit).

Vígslu- og veitingarbréf Gunnars Björnssonar sem prests að Höskuldsstöðum, útgefið af Þorláki biskupi Skúlasyni 13. apríl 1631 (frumrit).

Þorlákur biskup Skúlason skipar sr. Gunnari Björnssyni Hofskirkjusókn á Höfðaströnd 16. apríl 1632 (frumrit á pappír með ásettu innsigli).

Meðmælabréf Þorláks biskups Skúlasonar með sr. Gunnari Björnssyni til Höskuldsstaða sóknarmanna, dags. 10. maí 1640 (frumrit).

Vitnisburður sr. Gunnars Björnssonar, útgefinn af Höskulds- staða sóknarmönnum 31. mars 1646 (frumrit).

Powell Herlöff Christensen kvittar sr. Þorberg Ásmundsson um 24 rd., er hann hafi afhent sér til handa hinu íslenska verslunarfélagi fyrir inventarium Vesturhópshólakirkju, dags. 21. júlí 1652 (sam tíða afskrift á dönsku).

Gísli biskup Þorláksson kvittar sr. Gunnar Björnsson um portio Höskuldsstaðakirkju 1659 og 1664 (frumrit á pappír).

Einkaskjalasöfn

Eiður Guðríðar Gunnarsdóttur (Björnssonar) fyrir holdlegt sambland við alla karlmenn, frá 1659 (?) (frumrit á pappír).

Vitnisburður sr. Hálfðanar Rafnssonar á Undirfelli um þau hjónin sr. Gunnar Björnsson og Þórunni Jónsdóttur, dags. 17. maí 1665 (frumrit).

Samtal og gjörningur þeirra sr. Ólafs Egilssonar og sr. Gunnars Björnssonar, að sr. Ólafur afleggi á þessu vori Hofskirkju og hennar sókn gegn tveimur hundruðum gildum, dags. 3. júní 1666 (frumrit).

Vitnisburður (á latínu) Brynjólfs biskups Sveinssonar um Gísla síðar rektor Vigfússon, dags. 27. sept. 1667. (Gísli var tengdasonur sr. Gunnars Björnssonar). - Afrit dr. Jóns Þorkelssonar eftir A.M. 219^d, 4^{to}.

E. 226

**SVEINN
SÍMONARSON**

Sveinn Símonarson (1559-1644), prestur.
- Varð kirkjuprestur í Skálholti 1578. Fékk Holt í Önundarfirði 1582 og hélt til æviloka. Prófastur í V-Ísafjarðar-sýslu 1583-1632. Einn af höfuð-klerkum á sínum tíma.

Testamentisbréf sr. Sveins Símonarsonar í Holti í Önundarfirði 1634. Bréfið er m.h. sr. Gissurar Sveinssonar á Álftamýri, sonar sr. Sveins, en fyllt út í eyður (bréfið er mjög skaddað), með hendi Páls Pálssonar stúdents í Reykjavík. - Afrit dr. Jóns Þorkelssonar af bréfinu fylgir.

E. 227

**GISSUR
SVEINSSON**

Gissur Sveinsson (1604-1683), prestur. - Lærði í Skálholtsskóla. Fékk Álftamýri 1628 og hélt til dauðadags. Safnaði þjóðkvæðum.

Vígslubréf sr. Gissurar Sveinssonar á Álftamýri, útgefið af Oddi biskupi Einarssyni 22. júní 1628. - Frumrit með leifum af innsigli biskups áþrykktu.

E. 228

MAGNÚS
BJÖRNSSON

Magnús Björnsson (um 1595-1662), lögmaður. - Stúdent í Hóla- skóla 1613. Var við nám í háskólanum í Khöfn. Fékk Vaðlaþing 1617, Munkaþverár- klaustur 1618 og bjó þar til æviloka. Lögmaður norðan og vestan 1639-62. Mesti auðmaður á landinu á sinni tíð.

Bréf til Magnúsar Björnssonar - bréfitari:

Jón Egilsson, Geitaskarði, 1645.

E. 229

JÓN ARASON

Jón Arason (1606-1673), prestur. - Stúdent í Hólaskóla 1623. Í háskólanámi í Khöfn 1623-28. Rektor í Skálholti 1632. Fékk Vatnsfjörð 1636 og hélt til æviloka. Lengi prófastur. Skáldmæltur og fræðimaður.

Bréf til sr. Jóns Arasonar - bréfitari:

Páll Björnsson, prestur, Selárdal, 1656.

Aths.: Uppkast að svari sr. Jóns er á bréfinu aftanverðu - hvort tveggja er á latínu.

E. 230

**ÞORSTEINN
GEIRSSON**

Þorsteinn Geirsson (-- 1689), prestur. - Stúdent í Hólaskóla 1655. Var 8 ár í þjónustu Gísla biskups Þorlákssonar. Í háskól-anum í Khöfn 1668-72. Rektor að Hólum 1673. Prestur að Laufási 1683 til æviloka. Bréfin komu úr skjalasafni Hallgríms Schevings yfirkennara.

Vitnisburður Gísla biskups Þorlákssonar um Þorstein Geirsson, dags. að Hólum 24. júní 1668. - Frumrit á pappír með ásettu innsigli biskups.

Vitnisburður um háskólanám sr. Þorsteins Geirssonar, útgefinn af Ole Borch prófessor 8. maí 1672. - Frumrit á pappír með ásettu innsigli Borchs.

E. 231

**EINAR
SKÚLASON**

Einar Skúlason (1647-1742), prestur. - Stúdent í Hólaskóla 1666. Fékk Garð í Kelduhverfi 1672. Lét af prestskap 1733.

Bréf til sr. Einars Skúlasonar - bréfitari:

Skúli Magnússon, prestur, Goðdölum, veturinn 1680-81.

Aths.: Bréfið er lesið og límt saman úr sneplum, sem fundust í bandi um reikninga Hólastóls 1754-55. Með fylgir afrit dr. Björns K. Þórólfssonar af því.

E. 232

**ARI
GUÐMUNDSSON**

Ari Guðmundsson (1632-1707) prestur. - Stúdent í Hólaskóla, líkl. 1657. Varð 1661 aðstoðar-prestur að Mælifelli. Prestur þar ári síðar og til dauðadags. Prófastur í Hegranesþingi 1680. Meðal hefðarklerka á sinni tíð og gegndi ýmsum virðingarstörfum. Skáldmæltur. Eftir hann er Mælifellsannáll.

Bréf til sr. Ara Guðmundssonar - bréfitari:

Jón Halldórsson, prestur, Glaumbæ, 1686.

Aths.: Tekið úr spjöldum á eignarskjalabók og kirkjustól frá Mælifelli.

E. 233

ÁRNI
MAGNÚSSON

Árni Magnússon (1663-1730), prófessor.
- Stúdent í Skálholts- skóla 1683. Fór s.á. til Khafnar til háskólanáms. Komst í þjónustu Tómasar Barthólíns fornfræðings, vann fyrir hann og háskólann að handritarannsóknum og fræði-störfum. Varð prófessor 1695. Frá 1697 til æviloka arkivsekre-teri í Leyndarskjalasafni konungs. Vann að jarðabók og manntali á Íslandi ásamt Páli Vídalín 1702-1712. Varð yfirmaður Háskóla-bókasafnsins í Khöfn 1721. Viðaði að sér frægu handritasafni.

Bréf til Árna Magnússonar - bréfritarar:

Eiríkur Bjarnason, Búlandi, 1703.

Aths.: Komið úr sýsluskjölum Húnavatnssýslu 1925.

Gísli Einarsson, stúdent, Hreggsstöðum, 1703.

Aths.: Brot eitt.

Önnur skjöl:

„Hr. Assessor og Archive Secretairer Arnas Magnussens Indleg for Hoijeste Ret angaaende kong Haagens Retteboed“, dags. 4. mars 1707 (afrit).

Eins konar bréfabók Árna Magnússonar með misýtarlegu inntaki bréfa hans til Íslands árið 1729. Þetta er ljósrit, en frumritið er í Ríkisskjalasafni Danmerkur, Privatarkiver, nr. 1299. Jón Margeirsson skjalavörður gaf Þjóðskjalasafni ljósritið þann 3/10 1983. Hann rakst á bréfabókina á sínum tíma í Ríkisskjalasafni og gaf hana síðan út árið 1975 í **Bibliotheca Arnamagnæana XXX, V**. Bréfin eru alls 31 að tölu og eru tölusett eftir röð í prentuðu útgáfunni, en ótölusett í frumritinu. Hér er viðtakendum raðað í stafrófsröð og vísað til tölusetningar í prentuðu útgáfunni. Bréfabókin er með rithönd Jóns Ólafssonar frá Grunnavík.

Viðtakendur bréfanna:

Árni Álfsson, prestur, Heydölum, S.Múl. (Nr. 7).

Böðvar Pálsson, Slítandastöðum, Staðarsveit, Snæf.n.s. (Nr. 10 og 26).

Einar Jónsson, Þingeyrum, Húnav.s. (Nr. 12).

Eyjólfur Jónsson, prestur, Völlum, Svarfaðardal. (Nr. 27).

Halldór Pálsson, prestur, Breiðabólsstað, Fljótshlíð. (Nr. 12).

Hallgrímur Jónsson (Thorlacius), sýslumaður S.Múl. (Nr. 6).

Hans Scheving, Auðbrekku, klausturhaldari Möðruvallaklausturs. (Nr. 29).

Hjalti Þorsteinsson, prestur, Vatnsfirði, N.Ís. (Nr. 4).

Einkaskjalasöfn

- Jóhann Gottrúp, sýslum. í Snæf.n.s.,m.m. (Nr. 24).
Jón Árnason, biskup, Skálholti. (Nr. 18).
Jón Halldórsson, prestur, Hítardal. (Nr. 21).
Jón Magnússon, bróðir Árna, Sólheimum, Sæmundarhlíð, Skagafj.s. (Nr. 19).
Jón Þorkelsson (Thorhillius). (Nr. 16).
Katrín Björnsdóttir, Staðarfelli, Dals. (Nr. 23).
Magnús Einarsson, Stóra-Vatnshorni, Dalas. (Nr. 9).
Magnús Markússon, prestur, Grenjaðarstað, S.Þing. (Nr. 28).
Magnús Pálsson (Vidalín). (Nr. 13).
Margrét Nikulásdóttir, Staðarfelli, Dalas. (Nr. 22).
Markús Bergsson, sýslum. í Ísafj.s. (Nr. 3).
Ólafur Stefánsson, prestur, Vallanesi, S.Múl. (Nr. 8).
Páll Hákonarson, Vetleifsholti, Rangárv.s. (Nr. 11).
Sigurður Sigurðsson, prestur, Holti, Öfundarf. (Nr. 2).
Sigurður Sigurðsson, sýslum. Árnass. og alþ.skrifari. (Nr. 14).
Snorri Jónsson, prestur Helgafelli, Snæf.n.s. (Nr. 25).
Snæbjörn Pálsson, Sæbóli, Dýrafirði. (Nr. 1).
Steinn Jónsson, biskup, Hólum. (Nr. 20).
Þórður Þórðarson, ráðsm. Skálholti. (Nr. 15).
Þóroddur Þórðarson, heyrari, Hólum. (Nr. 30).
Þorsteinn Ketilsson, prestur, Hrafnagili, Eyjafj.s. (Nr. 3).
Þorsteinn Sigurðsson, Víðivöllum, sýslum. í N.Múl. (Nr. 5).

E. 234

HJALTI

ÞORSTEINSSON

Hjalti Þorsteinsson (1665-1754), prestur.
- Stúdent í Skálholts- skóla 1686. Tók guðfræðipróf í Khafnarháskóla 1690, en nam jafnframt hljóðfæraslátt, höggmyndagerð og málaralist. Varð kirkjuprestur í Skálholti 1690. Fékk Vatnsfjörð 1691, lét af prestskap 1742. Lengi prófastur í Ísafjarðarsýslu. Frægur af málara-list sinni, skreytti bæði kirkjur og gerði andlitsmyndir.

Þrjú vitnisburðir um sr. Hjalta Þorsteinsson:

1. Frá Khafnarháskóla, dags. 20. febr. 1690.
2. Frá Þórði biskupi Þorlákssyni, dags. 25. sept. 1694.
3. Frá Vatnsfirðingum, dags. 19. maí 1700.

(Allt afrit)

E. 235

**PÁLL PÁLSSON
HJALTALÍN**

Páll Pálsson Hjaltalín (1806-1876). Faktor í Stykkishólmi. Hér eru einnig skjöl frá föður hans, **Páli Oddssyni Hjaltalín** (1761-1842), sem líka var faktor í Stykkishólmi.

Bréf til Páls Pálssonar Hjaltalíns - bréfitarar:

Benedikt Eggertsson, prestur, Breiðabólstað, 1858.
Jón Hjaltalín, landlæknir, 1858.
Jón Thoroddsen, sýslum., Leirá, 1863, 1858.
Kristján Magnúsen, sýslum., Skarði, 1858.
Ólafur H. Thorberg, prestur, Helgafelli, 1858.
Sveinn Níelsson, prestur, Staðastað, 1857.

Önnur sköl:

Hjúskaparleyfi frá konungi til handa Páli Oddssyni Hjaltalín assistent og Magdalenu Sörensdóttur í Stykkishólmi, dags. 2. des. 1785.

Leyfisbréf handa Páli Oddssyni Hjaltalín assistent og Magdalenu Sörensdóttur, að þau megi ganga í hjónaband án undangenginnar trúlofunar og lýsinga, dags. 12. apríl 1786.

Ýmislegt.

E. 236

**HANNES
JÓNSSON**

Hannes Jónsson (1799-1860), bóndi. - Var hjá foreldrum sínum á Núpstað til 1825. Vinnumaður, ráðsmaður og bóndi frá 1828 á Hnausum í Meðallandi til æviloka.

Bréf til Hannesar Jónssonar - bréfitari:

Guðmundur Thorgrímson, verslunarstj., Eyrarb., 1856.

Önnur skjöl:

Skiptabréf eftir sr. Jón Jónsson á Hnausum, dags. 7. júní 1823.

Sveinn Alexandersson umboðsmaður á Sólheimum kvittar þau Dómhildi Jónsdóttur og Hannes Jónsson um afgjald eftir Hnausa 1826-39.

Byggingarbréf Hannesar Jónssonar fyrir Hnausum, dags. 1. des. 1827.

